

**Nd. 83. Frumvarp til laga**

um öryggi verkamanna við vinnu.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

**I. KAFLI**

**Ferming og afferming skipa.**

**1. gr.**

Óheimilt er að byrja á fermingu eða affermingu vöruflutningaskipa fyrr en skoðun hefur farið fram á losunartækjum þeirra ásamt þeim öðrum tækjum, er notuð eru við að ferma eða afferma skipin, og skoðunarmenn hafa gefið vottorð um, að allt sé í því ástandi, að öryggi verkamanna stafi eigi hættu af.

**2. gr.**

Losunartæki fiskiskipa skulu skoðuð af skoðunarmönnum eins oft og ástæða er talin til, og ávallt þegar ósk um skoðun kemur fram frá verkalýðsfélagi.

**3. gr.**

Allir menn, sem kvaddir eru til að fara með vindur skipa meðan á fermingu eða affermingu stendur, svo og þeir, er stjórna krönum á bryggjum eða öðrum lyfti-

vélum, skulu viðurkenndir af viðkomandi verkalýðsfélagi, sem fær þeim í hendur skirteini, er sannar rétt þeirra til slíkra starfa.

Sama gildir um þá menn, sem stjórna vinnu við lestarop (lúgumenn).

Verkalýðsfélögin setja reglur um störf þessara manna og geta svipt þá réttinum til nefndra starfa, ef þeir gerast brotlegir við settar reglur að dómi verkalýðsfélags.

#### 4. gr.

Eigi má reyna meira á bönd eða vélar en ákveðið er eftir styrkleika þeirra.

Ekki má skilja eftir vörur hangandi í lyftuböndum eða á annan svipaðan hátt, sem hætta getur stafað af.

#### 5. gr.

Gæta skal þess jafnan að festa vel og tryggilega bönd um vörur, sem lyft er með vindu. Sömuleiðis króka, ef notaðir eru á tunnur og trog. Þá skal gæta þess, að tunnulöggin sé nægjanlega sterk.

#### 6. gr.

Við stöflun á tunnum og sekkjum o. þ. h. skal gæta fyllstu varúðar, svo ekki hrynji úr staflanum og valdi slysum. Sömu varúðar skal gæta við meðferð kola. Skal jafnan hafa kolabingi með tvöfaldri hleðslu og það miklum halla á hleðslunni, að eigi sé hætta á því, að þeir hrynji.

#### 7. gr.

Gas- og súrhylki svo og annað, er sprengihætta er af, skulu ávallt höfð í lokum trogum, þegar þeim er lyft um borð í skip eða frá borði.

#### 8. gr.

Þegar lyft er sekkjavöru, má ekki lyfta nema einni stroffu í einu, og ekki skulu vera fleiri en 15 sekkir í hverri stroffu. Þegar notaðar eru snörpipur á poka, skal þess gætt, að þær séu vel traustar og pokarnir sterkir og órifnir, t. d. óbillaður faldurinn í opinu.

#### 9. gr.

Þegar skipað er upp kolum, skulu í trogum þeim, sem notuð eru, ekki vera neinar járnstengur eða klampar að innanverðu eða annað slíkt, er valdið getur því, að kolamolar verði eftir í trogunum. Séu trog með loku (annar gafflinn hreyfanlegur), skal lokan vera vel útbúin og traust, svo að ekki sé hætta á, að hún valdi slysum. Ekki má lyfta meiru upp en einu tonni í hverju trogi.

#### 10. gr.

Séu tunnur eða körfur notaðar við uppskipun eða útskipun, má ekki hafa lykkju í botni þeirra, heldur skal þar vera vír eða kaðall með auga á enda, svo að ekki sé hætta á, að menn festist í lykkjunni.

#### 11. gr.

Við saltuppskipun má ekki lyfta meiru en einu tonni í trogi. Sé saltið fast, skulu sérstakir menn taka saltið niður, svo að eigi myndist saltveggir eða stallar.

#### 12. gr.

Við uppskipun úr togurum er skylt að hafa auk venjulegs strengs, sem ber uppi upphölnarblakkir, annan streng til öryggis, sem dreginn er í gegnum festingar allra blakkanna.

## II. KAFLI

### Vinna við sprengingar og sandnám.

#### 13. gr.

Þar, sem sprengja þarf jarðveginu eða annað, skulu ætíð notaðar rafmagns-kveikjur og skotstaðurinn vandlega byrgður.

Sprengingar framkvæmi eigi aðrir en menn, sem ásamt því að vera löggiltir til þess starfs af lögreglustjóra eða hreppstjóra skulu samþykktir af stjórn viðkomandi verkalyðsfélags.

#### 14. gr.

Þar, sem unnið er í sandgryfjum, skal þess vandlega gætt, að barmar séu eigi látnir slúta, og forðast skal sem hægt er að hafa gryfjuveggina háa.

Allir staðir, þar sem sandnám fer fram, skulu vera undir stöðugu eftirliti skoðunarmanna.

## III. KAFLI

### Vinna við húsasmíði o. fl.

#### 15. gr.

Verkpallar við húsamiði og hvers konar önnur mannvirki skulu vera svo traustir, að eigi stafi hætta af, og skulu þeir festir saman tryggilega og með skáböndum. Á þeim utanverðum skal vera að minnsta kosti eins metra hátt handrið. Sama gildir um öll steypumót, og má ekki taka mót undan nema með leyfi múrarameistara eða þess smíðs, sem ábyrgð ber á verkinu, og alls ekki fyrr en steypan hefur náð nægilegri hörku.

Gæta skal þess að láta ekki smíðæfni eða annan þunga á loft eða stiga fyrr en steypan hefur náð nægilegri hörku.

Meðan hús er í smíðum skal setja handrið eða bönd kringum stigaop og önnur op í loftum.

#### 16. gr.

Stigar skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járn göddum að neðan. ef stiginn er meir en 4 metra langur.

#### 17. gr.

Bannað er það fyrirkomulag að lyfta á pall manni ásamt hjólbörum.

#### 18. gr.

Þar sem vélar, t. d. steypublöndunarvélar eða lyftuvélar og annað þeim tilheyrandi, svo sem vírar, blokkir og gálgar eða rennibrautir, eru notaðar við smíði húsa eða annað, skulu gilda sömu ákvæði og talin eru í 2. gr.

## IV. KAFLI

### Flutningur á verkamönnum.

#### 19. gr.

Óheimilt er að flytja verkamenn innanbæjar á vörubifreið, nema sterkar höldur séu á húsi hennar fyrir verkamenn að halda sér í, og eigi má flytja fleiri verkamenn en geta með góðu móti haldið sér í höldurnar.

#### 20. gr.

Séu verkamenn fluttir í bílum að og frá vinnustað lengri leið en 2 km, skulu þeir fluttir í yfirbyggðum farþegabifreiðum eða vörubifreiðum með traustum og vönduðum skýlum, sem séu tryggilega fest við pall bifreiðarinnar.

## V. KAFLI

### Almenn ákvæði.

#### 21. gr.

Á öllum vinnustöðum, hvort heldur er úti eða inni, þar sem unnið er eftir að myrkva tekur, skulu höfð vinnuljós, svo mörg og sterk, að eigi geti verið slysaætta vegna myrkurs.

#### 22. gr.

Á öllum bryggjum, hafnaruppfyllingum og öðrum slíkum stöðum, þar sem afgreiðsla skipa fer fram eða önnur vinna, er skylt að hafa næga og góða stiga að dómi skoðunarmanna, svo og léttbáta, sem hægt er að gripa til, ef slys ber að höndum.

#### 23. gr.

Við skurðgröft í bæjum skulu þeir staðir, þar sem rafmagnsstrengir eða gasrör liggja, vandlega merktir og það tilkynnt verkamönnum.

#### 24. gr.

Á öllum þeim skipasmíðastöðvum, sem taka upp báta og skip til viðgerðar, skal fara fram a. m. k. hálfsmánaðarleg skoðun á virum og blökkum, dráttarvagni, festartækjum svo og öðrum áhöldum tilheyrandi dráttarbraut.

Þá skulu á hverri slíkri skipasmíðastöð vera traustir og stöðugir léttbátar.

#### 25. gr.

Verkamönnum, sem vinna við að ryðberja, höggva steypu eða grjót, skulu lögð til hlífðarglæraugu, þeim að kostnaðarlausu, af viðkomandi atvinnurekanda.

#### 26. gr.

Á öllum föstum vinnustöðum og á öðrum vinnustöðum, sem verkalýðsfélögin telja, að hægt sé að koma því við, skulu vera lyfjakassar með nauðsynlegum lyfjum og umbúðum.

Skal landlæknir semja skrá yfir þau lyf og umbúðir, sem nauðsynlegt er að hafa á vinnustöðum að hans dómi.

#### 27. gr.

Alls staðar þar, sem við verður komið að dómi verkalýðsfélags, skal hafa kaffiskýli á vinnustað. Í skýlunum skulu vera borð og bekkir, hitunartæki og gott drykkjarvatn. Skylt er og að hafa salerni á vinnustað.

#### 28. gr.

Í hverju kauptúni og kaupstað skal fara fram a. m. k. einu sinni á ári námskeið í hjálp í viðlögum fyrir trúnaðarmenn verkalýðsfélaga og verkstjóra. Námskeið þessi skulu fara fram undir umsjá og eftirliti Slysavarnafélags Íslands.

#### 29. gr.

Við alla vinnu ber verkstjóra að gæta fyllstu varúðar, að því er snertir öryggi verkamanna til að forðast slys.

#### 30. gr.

Öll tæki, sem notuð eru til þungaflutnings, skulu vera vel traust og athugað, að vel sé gengið frá öllum festingum.

#### 31. gr.

Allir, sem stjórna meiri háttar vinnuvélum og ekki hafa aflað sér lögviðurkenndra réttindi til þess að stjórna þeim, njóta eigi réttinda til starfsins nema viðurkenning viðkomandi verkalýðsfélags komi til.

**32. gr.**

Við öll störf, sem að dómi verkalýðsfélaga getur verið hætt á slysum, getur viðkomandi verkalýðsfélag kvatt til skoðunarmenn, og skal þá skylt að haga vinnu og útbúnaði verktækja svo sem þeir mæla fyrir um.

**33. gr.**

Komi slys fyrir á vinnustað, skal þegar fara fram ýtarleg rannsókn á slysinu og orsökum þess. Rannsóknina skulu framkvæma þar til kvaddir 2 menn af verkalýðsfélagi og lögreglustjóra eða hreppstjóra.

**34. gr.**

Hver sá, sem af vangá eða hirðuleysi veður slysi á vinnustað eða brýtur settar reglur, skal tafarlaust sviptur starfi sínu og dæmdur til refsingar.

**VI. KAFLI**

**Eftirlit.**

**35. gr.**

Á hverjum þeim stað, sem starfandi er verkalýðsfélag, skal lögreglustjóri skipa þrjú skoðunarmenn, eftir þeirri tilnefningu sem hér segir:

Viðkomandi verkalýðsfélag tilnefnir einn skoðunarmann, atvinnurekendur á staðnum eða félag þeirra annan og deild Slysavarnafélags Íslands, sé hún til á staðnum, þann þriðja.

Verkefni skoðunarmanna skal vera að sjá um framkvæmd þessara laga í öllum þeim greinum, sem varða öryggi verkamanna á vinnustað.

Skoðunarmenn hafa vald til þess að stöðva vinnu, hvar sem er í umdæmi sínu, telji þeir slyshættu af ásigkomulagi vinnutækja eða öðru í sambandi við vinnu.

Skoðunarmönnum skulu sett erindisbréf. Alþýðusamband Íslands semur erindisbréfin, en viðkomandi lögreglustjóri gefur þau út.

**36. gr.**

Á smærri stöðum úti á landi, þar sem erfitt er að koma við þrem skoðunarmönnum frá þeim aðilum, er um getur í 35. gr. laga þessara, er heimilt að fela einum manni skoðunarmannsstarfið, enda hljóti hann viðurkenningar þessara þriggja aðila.

**37. gr.**

Að því er kemur til lyftivéla og annarra véla á bryggjum og hafnaruppfyllingum og við hafnargerðir skal verksmiðju- og vélaeftirlitið hafa eftirlit með þeim. Séu þessi tæki í notkun, skulu þau skoðuð a. m. k. einu sinni í mánuði og hvenær sem ósk um skoðun kemur fram frá viðkomandi verkalýðsfélagi.

**38. gr.**

Allur kostnaður af eftirliti samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði.

**39. gr.**

Lög þessi rýra ekki á neinn hátt ábyrgð, sem eigendur skoðunarskyldra tækja, vinnustöðvar og verkstjórar þeirra eða aðrir bera á þeim slysum, sem fyrir kunna að koma.

**40. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti ég frumvarp þessu samhljóða, var því úthýtt 26. nóv. 1946, tekið á dagskrá 27. nóv. 1946 og vísað að umræðu lokinni til allsherjarnefndar 28. nóv. 1946. Nefndin hafði mál þetta til meðferðar í fimm mánuði. Á því tímabili leitaði hún umsagnar tveggja aðila, Alþýðusambands Íslands og verksmiðjuskóðunarstjórnans. Svör bárust frá báðum þessum aðilum. Alþýðusambandið lagði til, að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt, en verksmiðjuskóðunarstjórinn hafði ýmislegt við frumvarpið að athuga, en niðurstaða hans var samt sú, að hann taldi mörg ákvæði þess til stórbóta fyrir aðbúnað og öryggi verkamanna.

Hinn 21. maí 1947 skilaði allsherjarnefnd svo hljóðandi álit í málinu:

„Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um, að öryggi verkamanna við vinnu sé að ýmsu leyti ábótavant. Vegna þeirrar þróunar, sem orðið hefur í iðnaði og öðrum atvinnuvegum á hinum síðari árum, hafa myndast ný viðhorf og skapast ný viðfangsefni, sem annaðhvort engar reglur eru um eða þá gildandi reglur eru úreltar. Alþingi hefur viðurkennt þetta, hvað viðvikur eftirliti með verksmiðjum og vélum, með því að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög og reglur, sem um það gilda (sjá till. til þál. á þskj. 762).

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er því máli mjög skylt, og telur nefndin eðlilegast, að um þetta sé sett ein löggjöf til öryggis verkamönnum, hvaða vinnu sem þeir stunda, og að þeir aðilar, er framkvæma endurskoðun þá, sem áður getur, taki einnig efni þessa frumvarps til athugunar. Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti semja reglur um öryggi verkamanna við vinnu í sambandi við væntanlega endurskoðun á eftirliti með verksmiðjum og vélum, enda fari sú endurskoðun fram í samráði við verkalýðssamtökin og vinnuveitendasamtökin, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Undir þetta álit skrifuðu Garðar Þorsteinsson, form., Finnur Jónsson, fundaskr., frsm., Jörundur Brynjólfsson, Auður Auðuns, Hermann Guðmundsson.

Þótt ég hefði helzt kosið, að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt, þá gat ég eftir atvikum sætt mig við þá afgreiðslu á málinu, er allsherjarnefndin lagði til. Þar sem nefndin var óskipt um álit sitt, varð að telja framgang þess tryggðan, og skriður kominn á málið og þess að vænta, að ekki liði langur tími, unz því ófremdarástandi yrði af létt, sem ríkt hefur um öryggi verkamanna við vinnu. En nefndarálit allsherjarnefndar kom aldrei til atkvæðagreiðslu, þar sem mjög var liðið á þingtímann, er það kom fram. Ég flyt hér því frumvarp þetta aftur.

Á síðasta þingi gerði ég grein fyrir málinu sem hér segir:

„Vegna þeirra tíðu slysa, sem orðið hafa á vinnustöðvum á ýmsum tímum, hafa ávallt verið uppi háværar raddir frá verkalýðnum um, að öryggi við vinnu yrði aukið m. a. með löggjöf um eftirlit með vinnutækjum o. fl. Hefur þessi krafa hlotið stuðning atvinnurekenda, sem sjá má af því, að í fjöldamörgum samningum milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda er það tekið fram, að samningsaðilar séu sammála um að heita sér fyrir því, að hið opinbera setji fyllri reglur um öryggi verkamanna við vinnu og útbúnað vinnutækja. Þá eru og dæmi þess, að verkalýðsfélög hafi gert samninga við atvinnurekendur um aukið öryggi við vinnu, t. d. um eftirlit með fermingu og affermingu skipa.

Árið 1935 var þessum málum svo komið, að Alþingi sá sig knúð til að taka þau til meðferðar, og voru þá samþykkt lög um að heimila atvinnuálaráðherra að setja reglugerð um eftirlit með fermingu og affermingu skipa, útbúnað vinnupalla o. fl. Þessi heimild var ekki notuð fyrr en 1938, að þáverandi atvinnuálaráðherra lét semja reglugerð um þessi mál.

Var þessi reglugerð síðan send Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendafélagi Íslands til umsagnar. Ekkert varð þó af frekari framkvæmdum að því sinni. En á

sumarþinginu 1942 var samþykkt tillaga til þingsályktunar um skipun milliþinga-nefndar til að athuga atvinnumál o. fl. í 3. tölul. þál. segir svo um ætlunarverk nefndarinnar, að hún skuli semja „frv. til l. um vinnutíma í ýmsum atvinnugreinum svo og um vinnuvernd og aukið öryggi og góðan aðbúnað verkalýðsins“.

Nefndin hóf starf sitt, og m. a. sendi hún Alþýðusambandi Íslands ýtarlegan spurningalista í 7 liðum. Eftir að Alþýðusambandið hafði kynnt sér afstöðu sambandsfélaga sinna, sendi það nefndinni ýtarlegt svar. Um frekari störf þessarar nefndar er flutningsmanni ekki kunnugt, og ekkert frumvarp hefur nefndin lagt fram enn þá. Vantar því enn þá löggjöf um þetta mikilsverða mál, og að dómi flutningsmanns má eigi lengur dragast, að slík löggjöf verði sett. Þess vegna er þetta frumvarp flutt til að bæta úr brýnni nauðsyn, þótt búast megi við, að reynsla sú, er fæst við framkvæmd laganna, leiði í ljós, að á þeim þurfi að gera nokkrar breytingar á næstu árum.

Þá er flutningsmanni það ljóst, að ýmis ákvæði frv. hefði eins mátt taka fram í reglugerð, en þar sem vitað er, að áður nefnd heimild um setningu slíkrar reglugerðar hefur eigi verið notuð, telur hann rétt að taka þau inn í lög.

Um einstaka kafla frv. skal þetta tekið fram:

Fyrsti kafli frv. fjallar um fermingu og affermingu skipa. Það er kunnugt, að við þá atvinnugrein hafa orðið fleiri slys en við nokkra aðra verkamannavinnu hér á landi, og mun mikið af þeim slysum hafa stafað af lélegum vinnutækjum og ófullnægjandi eftirliti. Aðalákvæði þessa kafla eru því um aukið eftirlit með tækjum þeim, sem notuð eru, og frekari íhlutun verkalýðsfélaganna um val á þeim mönnum, er vinna þau störf, er mest riður á, að leyst séu samvirkusamlega af hendi vegna öryggis verkamanna.

Annar kafli fjallar um vinnu við sprengingar og sandnám. Við þær vinnugreinar, sérstaklega sandnámið, hafa orðið ýmis stórslys á síðari árum og því full þörf að setja lagaákvæði í samræmi við ákvæði kaflans.

Þá er þriðji kafli um vinnu við húsasmíði o. fl. Sú atvinnugrein hefur stórkæmt á síðari árum. Byggingar hafa mjög stækkað og slyshættan þar með aukizt. Flest slysin stafa af því, að lyftivélar o. fl., sem þeim tilheyra, eru ekki nægilega traustar og verkpallar ekki nógu tryggilega gerðir. Ákvæði kaflans miða að því, að öryggið verði aukið með betri útbúnaði þessara tækja og tekið upp strangt eftirlit með þeim, sem að mestu hefur skort fram að þessu.

Um fjórða kaflann, sem fjallar um flutning á verkamönnum, er það að segja, að til er í reglugerð frá 1937 ákvæði um líkt efni, en er hvergi nærri fullnægjandi vegna breyttrar afstöðu o. fl. Er hér reynt að ráða bót á þessu, auka þannig öryggi verkamanna, sem flytja þarf milli vinnustaða eða til og frá vinnustað.

Fimmti kafli inniheldur ýmis almenn ákvæði, og má finna sum þeirra í líku formi í samningum milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda, eins og t. d. 26. og 27. gr. (um lyfjakassa og kaffiskýli), en þau eru tekin upp í frv. til þess að gera þau þýðingarniklu atriði, er greinarnar fjalla um, að lögboðinni skyldu um land allt. Aukinn ljósaútbúnaður og öryggistæki á vinnustöðum er aðkallandi til þess að fyrirbyggja slys. Einnig hefur reynslan sýnt, að rík þörf er á góðum og traustum léttbátum og ströngu eftirliti með útbúnaði dráttarvagna á skipasmíðastöðvum. Því til sönnunar skal á það bent, að sérstök tilviljun varð því valdandi, að ekki létu fleiri manns lífið, þegar m.s. Esja rann í dráttarvagninum í slippnum í Reykjavík af brautarteinunum ofan í sjó.

Viðurkennd er fyrir löngu nauðsyn þess, að þeir, sem verða fyrir slysi, fái sem fyrst aðhlyningu og aðstoð veitta af þekkingu. Þýðingarmikið spor í þá átt, að svo megi vera meðal verkamanna, er, að trúnaðarmenn verkalýðsfélaga og verkstjórar kunni hjálp í viðlögum.

Þá er mjög mikilsvert, að á öllum þeim vinnustöðum, þar sem að dómi verkalýðsfélaga er mikil slyshætta, hafi viðkomandi félög rétt til þess að krefjast skoðunar og úrbóta. Þegar slys hefur átt sér stað, getur það haft mikla þýðingu til að fyrirbyggja, að sams konar slys endurtaki sig, að strax fari fram ýtarleg rannsókn á slysinu og orsökum þess. Sjálfsagt er og, að tekið sé hart á ölvun eða hirðuleysi á vinnustað, sem leiðir til slysa.

Í sjötta kafla eru ákvæði um val skoðunarmanna, verkefni þeirra og vald það, er þeir hafa til þess að framkvæma skyldustörf sín.“